

hann kastaði vörpunni og miðun frá Óðni 10 mínútur áður, hraða skipsins og stefnu á því tímabili, að kærði hefir blotið að vera þá á landhelgissvæðinu, og ekki á þessum ca. 10 mínútum getað verið kominn út af því. Einnig verður að telja þessu til stuðnings, að samkvæmt uppgefnum stefnum togarans meðan hann togaði og hraða hans á meðan, var togarinn fyrir innan landhelgislinuna, er hann kastaði, samkvæmt staðasetningum 1. stýrimanns á Óðni á uppdrætti í rjettinum. Það verður því að telja að kærði hafi gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og þar eð hjer er að ræða um fyrsta brot hans á þeim lögum og dagsgengi krónunnar er 81,65 úr gullkrónu, þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt að upphæð 12500 krónur, sem rennur í Landhelgissjóð Íslands og greiðist strax, en afplánist með 7 — sjö — mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greid. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptæk og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Miðvikudaginn 23. nóv. 1927.

**Nr. 71/1927. Nathan & Olsen f. h. Carlsberg
Bryggerierne** (Magnús Guðmundsson)
gegn

Jóhanni V. Danielssyni (Svbj. Jónsson).

Útaf umbúðum um öl.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1927:
Stefndur Jóhann V. Danielsson, á að vera sýkn af kröfum stefnandans Nathan & Olsen f. h. firmans Carlsberg Bryggerier í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir hjer fyrir dómi gert þá kröfu til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða hon-

um andvirði umbúðanna með kr. 426,40, en það er sú fjárhæð, er andvirði þeirra nam 1915 og 1916.

Svo verður að líta á, að umbúðir þær, er í þessu máli segir, hafi verið seldar með ölinu, sem þær voru utan um, og að kaupandi þess hafi því orðið eigandi umbúðanna um leið og hann varð eigandi ölsins, enda þótt hann hefði rjett til að skila þeim aftur óskemdum innan hæfilegs tíma og losa sig þannig við greiðslu á andvirði þeirra með öðrum hætti. Krafa til andvirðis umbúðanna hefir því fyrnst með sama hætti sem krafa til andvirðis ölsins mundi fyrnst hafa. Síðan kröfur þær, er í máli þessu greinir, urðu kræfar, voru liðin meira en 4 ár þegar mál þetta var höfðað, og eru þær því fyrndar samkvæmt 1. tölulið 3. gr. laga nr. 14, 20. okt. 1905. Það ber því samkvæmt framanskráðu og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða dóms, að sýkna stefnda samkvæmt kröfu hans bæði af aðalkröfu og varakröfum áfrýjanda í máli þessu. Og með því að hæstirjettur felst á ákvæði hjeraðsdómsins um málskostnað, þá ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, og þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 200 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi, Nathan & Olsen f. h. Carlsberg Bryggerierne, greiði stefnda, Jóhanni V. Danielssyni, 200 krónur í málskostnað, fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sattaumleitan höfðað fyrir bærjapinginu með útgefinni stefnu 26. janúar þ. á. af firmanu Nathan & Olsen hjer í bæ f. h. firmaus Carlsberg Bryggerier í Kaupmannaböfn gegn Jóhanni V. Danielssyni, Lindargötu 43 B, hjer í bænum og gerir stefnandi þær kröfur *adallega* að stefndur verði dæmdur til þess að skila sjer 40 heilköseum utan af öli, 4000 tómunum öflöskum og 4000 flöskuhylkjum en *til vara* að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer andvirði umbúða þessara með dönskum kr. 920,00 auk 6% ársvaxta frá sáttakæru-degi til greiðsludags. Svo krefst stefnandi og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefir krafist sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar hjá honum eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að stefndur fjeck á árunum 1915—1916 40 heilkassa af öli frá umbjóðanda stefnanda og fylgdu því umbúðir þær, sem stefut er útaf í máli þessu. Kveður stefnandi stefndan hvorki hafa skilað umbúðunum aftur, sem aðeins hafi verið lánaðar en ekki seldar, og ekki heldur fengist til þess að greiða andvirði þeirra.

Sýknukröfu sína byggir stefndur fyrst og fremst á því að hann hafi skilað umbúðunum, en fyrir því hefir hann ekki fært sannanir gegn mótmælum stefnanda. Þá hefir hann og mótmælt því að sjer hefði borið skylda til að skila aftur umbúðunum þar eð þær hafi í raun og veru verið seldar honum ásamt ölinu en hann aðeins haft heimild til þess að skila þeim aftur, ef hana óskaði þess. Hefir hann lagt fram í málinu vöruskrá þá (*facturu*), er ölinu fylgdi upphaflega, og eru umbúðirnar færðar honum þar til skuldar með tilteknu verði, en þó getið um að þær sjeu lánaðar (*udlaant Emballage*). Telur stefndur því að firmað hafi aðeins átt peninga kröfu á sig útaf umbúðunum, sem nú sje löngu fyrnd og byggir hann sýknukröfu sína meðfram á þeirri ástæðu.

Rjetturinn verður nú að fallast á það álit stefnds, að um kaup og sölu á umbúðunum hafi verið að ræða sjerstaklega með tilliti til þess, að umbúðirnar eru færðar með ákveðnu verði á vöruskránni, og hjer er um þessháttar vörukaup að ræða, þar sem umbúðirnar eru venjulegast látnar fylgja vörunni til neytendanna og seldar með henni, og að stefndum hafi því aðeins verið heimilt að skila umbúðunum aftur, ef hann gerði það innan hæfilegs tíma frá því að hann fjeck vöruna í hendur. Verður

því að álíta þar sem svo langur tími er liðinn frá því að skuldin var gjaldkræf, að hún sje fyrnd og ber því að sýkna stefndan af kröfu stefnanda í málinu en eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 30. nóv 1927.

Nr. 83/1927.

Einar Benediktsson

gegn

Magnúsi Th. S. Blöndahl.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Einar Benediktsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði hann og stefnda, Magnúsi Th. S. Blöndahl, sem látið hefir mæta í málinu, 40 kr. ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. des. 1927.

Nr. 63/1927.

Rjettvísín (Lárus Jóhannesson)

gegn

Eyþóri Þorgrímssyni (Jón Ásbjörnsson).

Fölsun mjólkur.

Dómur aukarjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu 3. maí 1927: Ákærður, Eyþór Þorgrímsson, Korpúlfsstöðum, sæti 15 daga einföldu fangelsi. — Honum ber og að greiða allan af málinu og undanfarandi rannsókn löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 100 krónur til skipaðs talsmanns síns, hæstarjettarmálaflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar í Reykjavík.

Dóminum að fullnægja lögum samkvæmt að viðlagðri aðför að lögum.